



Gjaldeyrismarkaðurinn

Mánaðarlegt yfirlit


7. janúar 2020

- Krónan veiktist í desember. Í lok mánaðarins stóð evran í 135,7 krónum samanborið við 133,6 krónur í lok nóvember.
- Veltan á gjaldeyrismarkaði jókst lítillega milli mánaða í desember. Alls var veltan 116 m.evrur (15,7 ma.kr.) samanborið við 100 m.evrur (13,5 ma.kr.) í nóvember.
- Seðlabankinn greip ekki inn á markað í desember. Seðlabankinn hefur haldið sig á hliðarlínunni síðan hann keypti 15 m.evrur (2,0 ma.kr.) um miðjan september.
- Raungengi miðað við verðlag var 2,6% hærra í nóvember en í sama mánuði 2018. Það er nú 14,4% lægra en þegar það var hæst í júní 2017. Nafngengið í nóvember var 1,7% sterkara en á sama tíma 2018.

	6.1.2020	YTD	1M	3M	12M
GVT	182,0	1,2%	2,0%	1,4%	3,4%
EUR	137,2	1,1%	2,2%	1,0%	2,3%
USD	122,5	1,2%	0,9%	-0,9%	4,1%
GBP	161,2	0,6%	1,1%	5,7%	7,8%
DKK	18,4	1,1%	2,1%	1,0%	2,2%
NOK	13,9	1,1%	4,7%	2,5%	2,0%
SEK	13,0	0,9%	2,0%	3,7%	-0,7%
CHF	126,5	1,2%	3,2%	1,9%	6,1%
JPY	1,13	1,5%	1,1%	-2,2%	4,3%

Heimild: Thomson Reuter Eikon


Gengisþróun síðustu 3 mánuði



Lægsta, hæsta og dagslokagildi. Síðasta dags. 6.1.2020

Heimild: Thomson Reuters Eikon

Gengisþróun - síðustu 12 mánuði




Síðasta dags. 6.1.2020


Heimild: Thomson Reuters Eikon




Í fyrra veiktist íslenska krónan gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar.




Veltan á gjaldeyrismarkaði jókst milli mánaða í desember.




Íslenska krónan veiktist gagnvart evru í desember.




Seðlabankinn greip ekki inn á markað í desember.



Flóktið á íslensku krónunni gagnvart evru var nokkurn vegin óbreytt í desember.




Innlán innlendra aðila á I.G. reikningum, mæld á föstu gengi, lækkuðu um 3,4 ma.kr. (1,3%) milli mánaða í nóv.






Um 131 þúsund erlendir gestir fóru um Leifsstöð í nóvember.




Heimild: Ferðamálastofa

Erlendum ferðamönnum um Leifsstöð fækkaði um 12,7% milli ára.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. nóvember 2019
Heimild: Ferðamálastofa

Án skipa og flugvéla var 3,0 ma.kr. afgangur af vöruviðskiptum við útlönd í október.




Síðasta dags. nóvember 2019
Heimild: Hagstofa Íslands

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 1,7 ma.kr. í nóvember.




Síðasta dags. nóvember 2019
Heimild: Seðlabanki Íslands

Raungengið í nóvember var 2,6% hærra en í nóvember 2018. Nafngengið var 1,7% sterkara.



Meðaltal mánaðar, síðasta dags. nóvember 2019
Heimild: Seðlabanki Íslands


Breytingin á raungenginu síðustu ár skýrist aðallega af nafngengisbreytingu.



Meðaltal mánaðar, síðasta dags. nóvember 2019
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands




Vaxtamunur gagnvart evru er um 3,7%.



Síðasta dags. 3.1.2020
Heimild: Thomson Reuters Eikon

Óveruleg breyting hefur orðið á óskuldsetta forðanum síðan í byrjun árs 2019.



*) Gjaldyrisforði að fráregnum heildarskuldum SÍ og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum.
Staða í lok mánaðar, síðasta dags. 31.11.2019
Heimild: Seðlabanki Íslands, Lánamál ríkisins

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.